

Langanesbyggð



Fundur í hverfisráði Bakkafjarðar.

3. fundur hverfisráð Bakkafjarðar haldinn að Skólagötu 5 Bakkafirði miðvikudaginn 20. nóvember 2019. Fundur var settur kl. 18:00.

Mætt voru. Gunnlaugur Steinarsson, formaður sem ritaði fundargerð. Rósa Magnúsdóttir og Áki Guðmundsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og innti þá eftir hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Ósk um að sveitastjórn skoði það meðan vegaframkvæmir séu á Langanesströndinni hvort ekki sé hægt að ráðast í það verkefni að setja bundið slitlag á Kötlunesveginn og út að afleggjara Bjarg og Steintúns og bílaplan við Steintúns hlið.
Eins að skoða það með eigendum fasteigna við Hafnartangann hvernig frágangur lóða verði þar í framtíðinni og leggja þá einnig þar bundið slitlag þar sem enn er möl.
2. Að ráðist verði í gerð gangstéttar meðfram Hafnargötu.
3. Að sveitastjórn hafi samband við eiganda fasteigna þar sem fok hætta geti stafað af og fái þá til að tryggja að svo verði ekki. Eins er orðin veruleg hætta af því að Bergholt gæti hrunið þar sem útveggir eru víða orðnir sprungnir og stórar rifur farnar að myndast. Helstu fokhættur eru af bragganum, Bergholti og eins þyrfti að fara að skoða ástandið á fjárhúsinu við Lindabrekku og á Kötlunesi.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.